

Reikningsskilaráð ríkisins

30. Fundur – 6. febrúar 2019 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Margrét Björk Svavarsdóttir, Ingbór Karl Eiríksson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
- Forföll: Ólafur Hjálmarsson
- Fulltrúi Hagstofu Íslands: Björn Rúnar Guðmundsson.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 29. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2018. Tímaáætlun og áherslur.

Farið yfir tímalínu fyrir vinnu við ársuppgjör 2018 og vinnu við ríkisreikning 2018.

Ríkisreikningur fyrir árið 2018 verður birtur í júní 2019 og á fyrsta ársfjórðungi 2019 þarf að vera búíð að taka ákvarðanir um þau mál sem eiga að nást í ríkisreikningi 2018. Á næsta fundi verður gerð frekari grein fyrir verkefnastöðunni við gerð reikningsins.

3. Verkefnafjármögnun vegamála, veggjöld.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að því að skoða kosti varðandi sérstakt fyrirkomulag til að fjármagna átak í afmörkuðum vegaframkvæmdum. Erindi barst frá Fjármálaráðuneytinu þar sem óskað var eftir áliti með tilliti til mismunandi útfærslna við framkvæmdir í vegamálum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi reikningsskilaráði erindi þar sem óskað var eftir áliti þess á áhrifum ólíkra útfærslna slíkum vegaframkvæmdum með gjaldtöku á uppgjör hins opinbera. Vinnuhópi á vegum ráðsins var falið að fara yfir erindið og leggja fram drög að áliti á næsta fundi ráðsins þann 1. mars nk.

4. Vinnuhópar, verkefnastaðan

Elín G. Guðjónsdóttir fulltrúi tekjuhópsins kom á fundinn og gerði stuttlega grein fyrir vinnu hans við yfirferð á flokkun tekna hjá ríkissjóði og ríkisaðilum í A-hluta. Afhent voru gögn og gerð grein fyrir helstu niðurstöðum. Jafnframt kom fram að niðurstöður í 2-3 málum séu ekki endanlegar en þeirra sé að vænta á næstunni.

5. Önnur mál.

Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur föstudaginn 1. mars nk. kl. 09:30